

Æfingabúðamót
8. júlí-9. júlí
Siglingaklúbburinn Þytur
Hafnarfjörður

TILKYNNING UM KEPPNI

1 REGLUR

- 1.1** Keppt verður samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í Alþjóða kappsiglingareglum, kappsiglingafyrirmælum SÍL og kappsiglingafyrirmælum mótsins.

2 AUGLÝSINGAR

- 2.1** Auglýsingar verða leyfðar samkvæmt ISAF reglugerð 20 um auglýsingar.
- 2.2** Auglýsingar sem keppnishaldari útvegar kann að þurfa sýna á bátum eða búnaði.

3 HLOTGENGI OG ÞÁTTTAKA

- 3.1** Rétt til þátttöku hafa fullgildir félagar í siglingafélögum samkvæmt móta- og keppendareglum SÍL.

Stefnt er að keppni í eftirfarandi flokkum:

1. Optimist A
2. Optimist B
3. Laser 4,7
4. Laser radial
5. Opnum flokki samkvæmt forgjöf frá SÍL

Verði þátttakendur í einhverjum flokki færri en fimm verður sá flokkur hluti af opnum flokki.

4 Skráning

Skráning skal berast til keppnisstjórnar fyrir kl. 9:45 föstudaginn 8. júlí með tölvupósti á namskeid@sailing.is

Taka þarf nafn keppanda, seglanúmer, bátstegund og félag sem keppt er fyrir.

5 ÞÁTTTÖKUGJALD

Þátttökugjald er innifalið í æfingabúðagjaldi.

Fyrir þá sem eingöngu koma til keppni er þátttökugjald á hvern keppanda kr. 5000 kr og innifalið er í því matur og þátttaka í grillinu eftir verðlaunaafhendingu.

Gjald greiðist inná reikning: **545-26-987 Kt: 680978-0189** eða við afhendingu kappsiglingafyrirmæla.

Senda skal staðfestingu greiðslu á namskeid@sailing.is

6 TÍMAÁÆTLUN

8. júlí:

Afhending kappsiglingafyrirmæla 9:30

Skipstjórafundur kl. 9:45

Fyrsta viðvörunarflaut fyrir fyrstu keppni kl. 11:00

Hádegismatur kl. 13:00

Fyrsta viðvörunarflaut eftir mat kl. 14:30

Millimál/kaffi þegar komið er í land

9. júlí

Skipstjórafundur kl. 9:45

Fyrsta viðvörunarflaut fyrir fyrstu keppni kl. 11:00

Hádegismatur kl. 13:00

Fyrsta viðvörunarflaut eftir mat kl. 14:30

Millimál/kaffi þegar komið er í land

Eftir verðlaunaafhendingu verður boðið uppá grillveislu fyrir keppendur og aðstandendur geta keypt sig inn í hana gegn vægu gjaldi.

7

SIGLINGAFYRIRMÆLI

Siglingafyrirmælin verða afhent fyrir skipstjórafund og verða birt á tilkynningartöflu á mótssað.

8

KEPPNISSVÆÐI

Keppt verður í og fyrir utan hafnarfjarðarhöfn í hraunavík.

Skipstjórafundur fer fram uppi í sal Þyts - Strandgötu 88.

9

BRAUTIRNAR

Brautum verður nánar lýst í kappsiglingafyrirmælum

10

STIGAGJÖF

Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í Alþjóðakappsiglingafyrirmælum. Ef kepptar verða þrjár eða færri umferðir, reiknast allar til stiga, annars kastar hver keppandi sinni slökustu keppni.

11

FJARSKIPTI

Bátar skulu ekki hafa samskipti með talstöð sem ekki eru aðgengileg öllum meðan þeir keppa nema í neyðartilvikum. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma.

Keppnisstjórn notar rás 69 til samskipta.

12

VERÐLAUN

Veitt verða verðlaun fyrir efsta sætið í hverjum flokki.

13

TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR

Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4, Ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda eða líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur.

14

FREKARI UPPLÝSINGAR

Frekari upplýsingar fást hjá Siglingaklúbbum Þyt með tölvupósti á namskeid@sailing.is.